

Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi 26. apríl 2024, kl. 8:30

Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps
Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar
Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Að auki sátu Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri í Bláskógabyggð og Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri í Grímsnes- og Grafningshreppi undir lið 1.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Hulda Kristjánsdóttir.
Formaður Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnáði.

Hér var gengið til dagskrár:

1. Umræða um fyrsta starfsár Skóla- og velferðarþjónustunnar

Ljóst að kostnaður hefur aukist töluvert hjá hverju sveitarfélagi við breytinguna þann 1. mars 2023 líkt og var búist við. Stjórn telur mikilvægt að átta sig betur á hvar helsta þörfin er á þjónustu, hvar gengur vel og hvar síður. Stjórn leggur áfram áherslu á að fá töluleg gögn um þjónustuna þannig að hægt sé að byggja ákvarðanir á slíkum gögnum. Við undirbúning nýs byggðasamlags lagði stjórn áherslu á að fá þjónustuna og starfsmenn meira inn í skólana og að gott samstarf og flæði væri á milli skólanna og séfræðiþjónustunnar. Einnig var lögð rík áhersla á sveigjanlegt starfsumhverfi m.t.t. staðsetningar starfsfólks með það að markmiði að bæta starfsumhverfi.

Stjórn samþykkir að sveitarstjórar aðildarsveitarfélaga taki saman upplýsingar frá sínum skólastjórnendum um stöðu mála innan skólanna sem snúa m.a. að fjölda nemendateyma sem starfsmenn SVÁ sitja í, hversu oft starfsmenn SVÁ hafa þurft að koma í skólana til að veita ráðgjöf, hversu oft hefur verið óskað eftir samþættingu mála og hversu mörg mál eru í samþættingu, fjölda tilvísana til sálfræðinga og talmeinafræðinga o.s.frv. Formanni falið að senda punkta á sveitarstjóra aðildarsveitarfélaga sem kalla eftir upplýsingum frá sínum skólastjórnendum.

2. Launagreining Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Stjórn samþykkir að launagreining SVÁ verði keyrð saman við launagreiningar allra aðildarsveitarfélaga SVÁ.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.